

Framan greind bruggunartæki og áfengi skal upptækt til menningarsjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1942.

Nr. 86/1941. **Þorsteinn Sigvaldason** (Einar Ásmundsson)

gegn

Huldu Ásbjarnardóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. okt. 1941, krefst þess, að úrslit þess verði látn velta á eiði sínum og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda, sem hefur fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess hins vegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. En hvernig sem málið fer, krefst málflytjandi stefndu málflutningsþóknunar sér til handa.

Blóðrannsókn hefur leitt þetta í ljós:

Stefnda er í aðalflokki O og undirflokki N. Barn stefndu er í aðalflokki A og undirflokki N. Áfrýjandi er í aðalflokki A og undirflokki N. Forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans kveður, að samkvæmt þessari niðurstöðu geti áfrýjandi verið faðir barnsins. Hins vegar er Gústav Júlíusson, sem í héraðsdómi greinir, samkvæmt vottorði, fram komnu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, í aðalflokki O, og getur hann því ekki verið faðir barnsins. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms-

ins ber að láta úrslit málsins velta á eiði stefndu, eins og í héraðsdómi er ákveðið, og ákveðst eiðsfrestur 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Vinni stefnda eiðinn, þá greiði áfrýjandi henni málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 600.00. En fallist stefnda á eiðnum, þá skal hún greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og hæstarétti, samtals kr. 500.00. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, kr. 500.00, greiðast úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Hulda Ásbjarnardóttir, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning á lögmaeltu varnarþingi eið að því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Þorstein Sigvaldason, þann 9. maí 1939, þá skal hann talinn faðir barnsins Jóninu Maggí, er stefnda ól þann 8. febrúar 1940, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds.

Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi henni málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 600.00.

Fallist stefnda á eiðnum, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. sept. 1941.

Mál þetta hefur höfðað Hulda Ásbjarnardóttir, Hafnarstræti 37, Akureyri, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, dags. 3. júní 1940,

gegn Þorsteini Sigvaldasyni, Hafnarstræti 35, Akureyri, og gerir hún þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur faðir að barni því, sem hún ól 8. febrúar 1940, og að hann verði skyldaður til að greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað eftir yfirvaldsúrskurði. Svo krefst hún, að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Stefnandinn í þessu máli, Hulda Ásbjarnardóttir, ól 8. febr. s. l. stúlkubarn, Jóninu Maggi, og lýsti föður að því stefnda, Þorstein Sigvaldason, en hann neitar því ákveðið, að hann sé faðir barnsins.

Dómur gekk í undirrétti í málinu 29. júlí 1940, en var ómerktur með dómi hæstaréttar 21. maí 1941, og var málinu vísað heim til framhaldsrannsóknar og dómsálagningar að nýju.

Blóðrannsókn hefur verið gerð af rannsóknarstofu háskólans, þar sem fyrri blóðrannsóknin var ófullnægjandi, með því að M N aðferðin var ekki notuð. Samkvæmt rannsókninni er ekki hægt að útløka stefnda frá að vera barnsfaðirinn, þvert á móti telur rannsóknarstofan, að töluverðar líkur séu til, að hann sé faðir barnsins.

Lögregluþróf hefur farið fram í málinu. Segir stefnandinn, Hulda Ásbjarnardóttir, að hún hafi haft samfarir við stefndan, áður en hann giftist, en stefndi hefur nú verið 4 ár í hjónabandi. Segir stefnandinn, að stefndi hafi komið heim til sín að kvöldi þess 9. maí 1939 og hafi þá haft samfarir við sig. Viku áður segist stefnandinn hafa verið heima hjá stefnda, er tilkynnti henni, að hann mundi koma til hennar 9. maí.

Stefnandinn gerir þannig grein fyrir minningu sinni um, að samfarir hafi átt sér stað milli aðilja 9. maí 1939. Systir hennar var hjá Jóni Bergdal frá því seint í febr. 1939 og þangað til um mánaðamótin apríl—maí. 29. apríl fór systirin af heimilinu frá Jóni fram í Samkomugerði, þar sem hún átti að vera í kaupavinnu og var komin þangað 1. maí á mánudag. Á sunnudaginn viku síðar var hún boðin til stefnda og fór þangað á sunnudag, en þá aftalaði stefndi við hana að koma til hennar á þriðjudag, en á þriðjudaginn segist Jón Bergdal hafa verið að heiman á söngæfingu.

Stjúpi stefnanda, hún og stefndi spiluðu stundum saman bridge eða whist. Kvöldið 9. maí var Þorsteinn $\frac{1}{2}$ tíma inni hjá stefnandanum og hafði samræði við Huldu, stefnandann, á divan, en hafði engar verjur.

Stefnandinn veit eigi til, að nokkur hafi séð stefnda, Þorstein, fara inn til sín ummælt kvöld. Stefnandinn segist ekki hafa haft samræði við nokkurn mann frá 9. maí og þar til hún ól barnið, og í síðara réttarhaldi segist hún eigi hafa haft samræði við neinn annan en Þorstein á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barninu. Veturinn 1939 hafði hún einu sinni eða tvisvar samræði við Þorstein heima hjá honum. Stefndi kannast við að hafa þekkt Huldu og að hann hafi spilað við hana, eins og kemur fram í prófunum, en hann neitar að hafa nokkurn tíma haft samræði við hana. Stefndi bendir

á, að maður, sem heitir Gústav og sé sonur Júlíusar eineygða, muni hafa verið í týgjum við stefnandann. Segir stefnandinn, að þessi maður sé þremmenningur við sig, en hún hafi aldrei átt vingott við hann. Greindur Gústav hefur verið yfirheyrður. Segist hann hafa búið í sama húsi og móðir stefnanda hér á Akureyri. Segir, að þau séu þremmenningar og kunningjar, og segir, að ekkert hafi verið í milli þeirra og hann hafi ekki einu sinni kysst hana. Gunnar Hafdal, sem stefnandinn býr hjá, hefur verið yfirheyrður. Segir hann, að stefnandinn og stjúi hennar hafi búið í húsi sínu, leigt þar 2 herbergi og eldhús. Var stefnandinn ráðskona hjá stjupa sínum. Ekki segist hann hafa orðið þess var, að karlmenn heimsæktu Huldu, svo orð væri gerandi á því. Dagleg framkoma stúlkunnar segir hann hafi verið viðunandi. Hún hvorki reykti eða drakk. Ekki varð hann þess var, að Þorsteinn kæmi til Huldu í einkaerindum. Síðan var lagt fram vottorð frá sama vitni, réttarskjal 4. Segir hann, að Gústav Júlíusson hafi heimsókt Huldu einsamall á ferð veturinn 1938—1939 og þá um vorið í maibyrjun 1939. Segir hann, að svo hafi hitzt á, að þetta hafi verið á kvöldin, þegar Jón Bergdal, stjúi Huldu, var ekki við. Segir hann enn fremur, að hjónin, sem bjuggu í húsinu í íbúð á sömu hæð og Hulda, hafi veitt þessu athygli og haft nokkrum sinnum orð á þessu við sig. Gefur hann í skyn í framburði sínum, að einkakunningsskapur hafi verið á milli Huldu og Gústavs. Hjónin, sem Hafdal hefur vísað til í framburði sínum, neita bæði, að þau hafi haft orð á því við Hafdal, að þau hafi veitt heimsóknum Gústavs athygli, konan þó, eftir að hún hafði leiðrétt framburð sinn.

Bréf hafa farið milli stefnanda og stefnda um málið, og er bréf stefnda óvenjulega ruddalega skrifað. Stefnandinn og Gústav hafa bæði viðurkennt, að frændsemi og kunningsskapur hafi verið á milli þeirra, einnig var kunningsskapur milli Gústavs Júlíussonar og stjupa Huldu.

Framburður Hafdals í málinu virðist vera á reiki, og hjónin neita að hafa átt samtál við hann, er hann visar til. Gústav hefur í réttinum þverneitað að hafa átt mök við Huldu, og í málinu virðast nægileg rök leidd að því, að heimsóknir hans hjá henni væri eðlilegar vegna kunningsskapar og frændsemi, og hefur því ekki þótt ástæða til að yfirheyra hann frekar.

Stefnandinn hefur átt barn í lausaleik fyrir 3 árum, og stefndur fyrir 8 árum. Þá hefur umboðsmaður stefnanda upplýst, að samkvæmt lögregluþingbók Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar hafi Þorsteinn Sigvaldason, stefndi, jatað, að hann aðfaranótt 13. maí 1931 hafi brotízt inn í hús Kaupfélags Eyfirðinga og stolið þar útvarpstæki, peningum m. m., og fyrir sama rétti 25. maí 1931 jataði hann að hafa verið dæmdur til vatns og brauðs hegningar á Siglufirði fyrir peningastuld, en dómurinn hafi verið skilyrðisbundinn.

Hins vegar ber hegningarskrá Eyjafjarðarsýslu ekki með sér, að

dómur hafi gengið um innbrotið. Stefnandinn hefur haldið því ákveðið fram, að stefndur einn geti verið faðir að barninu, og blóðprufan, sem tekin hefur verið, sýnir, að svo geti verið. Hins vegar neitar stefndi því afdráttarlaust, að hann sé faðir að barninu. Þykir því auðsætt, að úrslit málsins verða að koma undir eiði annars hvors aðilja, og þar sem lita verður á, að trúverðugleiki stefnda sé veiktur við afbrot þau, sem hann hefur viðurkennt að vera sekur um, þykir rétt að láta úrslit málsins vera komin undir því, hvort stefnandinn vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 1936, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við stefnda 9. maí 1939. En við þann tíma einan ber að miða, þar eð stefnandinn hefur eigi haldið því fram, að hún hafi haft samfarir við stefnda á öðrum tíma, sem hér skiptir máli.

Vinni hún eiðinn, þá skal stefndur teljast faðir að barni því, er hún ól 8. febr. 1940, og ber honum þá að greiða meðlag með því og barnsfarakostnað, hvorttveggja eftir yfirvaldsúrskurði, og í málskostnað kr. 200.00, þar í kr. 65, kostnaður við blóðrannsóknina.

Verði stefnanda hins vegar eiðsfall, skal stefndur vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í þessu máli, en málskostnaður greiðast af almannfé.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandinn, Hulda Ásbjarnardóttir, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, að hún hafi haft holdlegar samfarir við stefnda 9. maí 1939, þá skal stefndi, Þorsteinn Sigvaldason, teljast faðir að barni því, er stefnandinn ól 8. febr. 1940, og vera skyldur til að greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og í málskostnað kr. 200.00, þar í kostnað við blóðrannsókn, kr. 65.00.

Verði stefnanda hins vegar eiðsfall, skal stefndur vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í þessu máli, en málskostnaður greiðast af almannafé.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.